

Fagráð í hrossarækt 94. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, miðvikudagurinn 8. júlí 2020 kl. 11:00

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Siguroddur Pétursson, Sveinn Ragnarsson, Sylvía Sigurbjörnsdóttir, Erlendur Árnason, Gunnar Kristinn Eiríksson og Þorvaldur Kristjánsson. Hulda Gústafsdóttir og Ingunn Reynisdóttir komust ekki á fundinn.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Umsóknir í Stofnverndarsjóð.
3. Önnur mál.

1. Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið.
2. Til úthlutunar úr Stofnverndarsjóði að þessu sinni reyndust vera rúmlega 6 milljónir króna. Sveinn Steinarsson vék af fundi er kom að afgreiðslu umsóknar c).og Þorvaldur vék af fundi er kom að afgreiðslu umsóknar a). Eftirfarandi umsóknir höfðu borist í sjóðinn og afgreiðsla þeirra var eftirfarandi:
 - a) Könnun á erfðafræðilegum þáttum sem hafa áhrif á ganghæfni íslenskra hrossa – Heiðrún Sigurðardóttir.
Sótt um: kr. 2.500.000,-
Samþykkt: kr. 2.500.000,-
 - b) Horseday, app og vefforrit til nota fyrir eigendur íslenskra hesta – MOM ehf.
Sótt um: kr. 7.000.000,-
Samþykkt: kr. 2.000.000,-
 - c) Kaup á myndefni frá kynbótasýningum 2020 – Landsmót ehf.
Sótt um: kr. 2.500.000,-
Samþykkt: 1.500.000,-
 - d) Varðveisla og rannsóknir á stóði að Botnum í Meðallandi – Freyja Imsland og Páll Imsland.
Sótt um: kr. 3.500.000,-
Hafnað.
3. Önnur mál. Undir þessum lið var rætt um uppsögn Þorvaldar en hann hefur sagt starfi sínu lausu hjá RML og hættir í lok ágúst næstkomandi. Af þessu tilefni vill fagráð beina eftirfarandi tilmælum til stjórnar RML:
Það er afar mikilvægt að ráðið verði í starfið sem allra fyrst þannig að hægt sé að halda góðum gangi í starfi hrossaræktarinnar hér heima og á alþjóðlegum vettvangi. Mikilvægt er að viðhalda og efla það forystuhlutverk sem Ísland hefur haft á undanförunum árum í ræktunarmálum íslenska hestsins. Til þess að svo sé hægt er

mikilvægt að ræktunarleiðogi Íslands hafi gott svigrúm til að sinna starfi innan ræktunarnefndar FEIF eins og verið hefur og sinna erlendum fyrirspurnum um leiðbeiningastarf og námskeiðahald. Ræktunarmál íslenska hestsins hafa algjöra sérstöðu samanborið við önnur búfjárfkyn en Ísland er upprunaland íslenska hestsins og afar mikilvægt að sinna því hlutverki í því augnamiði að efla hrossarækt íslenska hestsins á heimsvísu og ekki síður hvað varðar markaðsmál íslenskum hrossaræktendum til heilla.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 14:00

Við pennann: Þorvaldur Kristjánsson